

Vinnureglur Breiðafjarðarnefndar vegna umsókna um styrki

Breiðafjarðarnefnd starfar skv. lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar.

Fjárveitingum til nefndarinnar er ætlað að standa undir starfsemi hennar, þar á meðal kostnaði vegna funda og afgreiðslu erinda. Því fjármagni sem eftir stendur er veitt til verkefna á verndaráætlun eða til að styrkja verðug verkefni sem stuðla að verndun fjarðarins eða aukinni þekkingu á náttúru hans og sögu.

Umsóknir til Breiðafjarðarnefndar um styrki til verkefna þurfa að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Umsókn um styrk skal senda til ritara nefndarinnar á netfangið breidafjordur@nsv.is.
2. Styrkumsókn skal innihalda lýsingu á því verkefni sem sótt er um styrk fyrir, ásamt verk- og tímaáætlun og kostnaðar- og tekjuáætlun.
3. Við yfirferð umsókna um styrki hefur Breiðafjarðarnefnd meðal annars eftirfarandi atriði til hliðsjónar:
 - a. Hvernig tengist umrætt verkefni verndarsvæði Breiðafjarðar?
 - b. Fellur umrætt verkefni að markmiðum um vernd Breiðafjarðar?
 - c. Er fjallað um verkefnið í verndaráætlun Breiðafjarðar?
4. Sé styrkumsókn samþykkt er almenna reglan sú að 75% styrksins er úthlutað við undirritun samnings en 25% við afhendingu lokaafurðar.
5. Á vettvangi birtingar niðurstaðna verkefna, t.d. í skýrslum eða fræðsluefni, skal þess getið að verkefnið hafi verið styrkt af Breiðafjarðarnefnd.
6. Afrakstur verkefna sem nefndin styrkir skal birta á heimasíðu nefndarinnar.

Að uppfylltum framangreindum kröfum til umsókna eru þær teknar til afgreiðslu á næsta fundi nefndarinnar.

Samþykkt þann 16. febrúar 2018.